VÍS tryggingar hf.
Ármúla 3, 108 Reykjavík, 560 5000
kt. 670112-0470, www.vis.is

Sjúkrakostnaður erlendis

Skilmáli ST10

Tryggjandi er VÍS tryggingar hf., kt. 670112-0470, hér eftir nefnt „VÍS“.

Um trygginguna gildir:

- Skírteinið ásamt áritunum og sérskilmálum.
- Skilmáli þessi ST10.
- Almennur skilmáli VÍS YY10.
- Lög um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

Skírteini ganga framar skilmálum. Skírteini og skilmálar ganga framar frávíkjanlegum lagaákvæðum.

Sjúkrakostnaður erlendis hentar ef þú ætlar að dvelja erlendis umfram gildistíma almennra ferðatrygginga án þess að flytja lögheimili þitt frá Íslandi. Þá geta viðskiptavinir sótt um hana sem viðbót við ferðatryggingu heimilistryggingar vegna fyrirliggjandi heilsufarsástands.

Skilmáli segir til um hvaða réttindi og skyldur þú og VÍS hafið.
Skírteini staðfestir að þú hafir keypt tryggingu hjá VÍS. Skírteinið er aðgengilegt með því að skrá sig inn á vis.is.

1. Hver er tryggður?

1.1 Tryggður er sá sem tilgreindur er í skírteini.

2. Hvenær gildir tryggingin?

2.1 Tryggingin gildir í þann tíma sem tilgreindur er í skírteini.

2.2 Tryggingin tekur til tjónsatburðar sem verður á tryggingartímabilinu.

3. Hvar gildir tryggingin?

3.1 Tryggingin gildir hvar sem er í heiminum nema á Íslandi.

4. Hvað bætir tryggingin?

4.1 Ef tryggður slasast, veikist eða deyr erlendis bætir tryggingin:

4.1.1 Sjúkrakostnað:

a) Vegna læknis- og sérfræðiaðstoðar, sjúkrahúsvistar, hjúkrunar, lyfja og meðferðar samkvæmt læknisvottorði viðkomandi sjúkrastofnunar.

b) Vegna nauðsynlegra aðgerða sem farið er í með samþykki SOS International eða VÍS og ekki er hægt að bíða með þar til komið er til Íslands.

c) Vegna nauðsynlegrar tannlæknaþjónustu vegna sannanlegs slyss eða til þess að lina þjáningar.

4.1.2 Kostnað vegna sjúkraflutnings í því landi sem slys eða veikindi verða í samráði við SOS International eða VÍS.

4.1.3 Aukinn kostnað vegna nauðsynlegrar aukadvalar og heimferðar í samráði við SOS International eða VÍS.

4.1.4 Kostnað við flutning hins látna til Íslands svo og aukakostnað samferðarmanns hans og kostnað við lögboðnar ráðstafanir.

4.1.5 Nauðsynlegan ferða- og dvalarkostnað:

a) Ættingja eða vinar tryggðs, sem dvelst hjá eða fylgir tryggðum til Íslands í samráði við SOS International eða VÍS.

b) Náins ættingja eða vinar tryggðs frá Íslandi og til baka, í samráði við SOS International eða VÍS.

Tilkynna skal **SOS International** svo fljótt sem verða má um alvarleg slys eða veikindi.
Neyðarþjónusta SOS International er veitt allan sólarhringinn, allt árið um kring.
Sími í Danmörku (45) 3848 8080.
Netfang sos@sos.eu
Heimasíða www.sos.eu

5. Hvað bætir tryggingin ekki?

5.1 Tryggingin bætir ekki kostnað:

a) Fyrir lengra tímabil en þrjá mánuði vegna læknismeðferðar erlendis.

b) Vegna sjúkrareikninga sem berast eftir að 12 mánuðir eru liðnir frá tjónsatburði.

c) Sem greiddur er skv. gagnkvæmum samningi um sjúkratryggingar.

d) Vegna hvers kyns slysa, veikinda og sjúkdóma, sem tryggður hefur notið læknishjálpar eða meðferðar við, á síðustu 12 mánuðum, nema um annað sé samið og það tilgreint í skírteini. Með meðferð er meðal annars átt við hvers konar meðhöndlun sem ætlað er að bæta eða viðhalda líkamlegu eða andlegu heilsufari, svo sem lækniskomur, lyfjanotkun, endurhæfingu, ráðgjöf, viðtöl, sérfæði og óhefðbundna lækningarmeðferð.

Viðskiptavinir geta sótt um að tryggingin gildi vegna sjúkdóms eða einkenna sem eru til staðar ef tiltekin skilyrði eru uppfyllt. Gildir tryggingin þá eingöngu fyrir þá ferð sem tilgreind er í skírteini.

VÍS tryggingar hf.
Ármúla 3, 108 Reykjavík, 560 5000
kt. 670112-0470, www.vis.is

e) Vegna hvers kyns kvilla í tengslum við meðgöngu sem koma upp á níunda mánuði meðgöngutíma eða við fæðingu.
f) Vegna tjóns sem rekja má til þess að tryggður mátti vænta þess að fæða barn áður en heim kæmi eða innan tveggja mánaða frá heimkomudegi.
g) Vegna lyfja án læknisráðs, gervilima og gervitanna, gleraugna, augnlinsa, heyrnartækja og annarra sambærilegra tækja.
h) Vegna tjóns sem rekja má til þess að tryggður ferðast í trássi við ráð læknis sem hefur stundað hann.
i) Vegna tjóns sem rekja má til þess að tryggður ferðast í þeim tilgangi að leita læknismeðferðar erlendis eða vegna valkvæðra læknis- og fegrunarmeðferða erlendis.
j) Vegna áframhaldandi læknismeðferðar ef tryggður neitar að láta flytja sig heim þrátt fyrir ráð læknis sem hefur stundað hann og álit SOS International.
k) Við meðferð eða eftirmeðferð á Íslandi.

5.2 Tryggingin bætir ekki slys sem verða við eftirfarandi aðstæður eða athafnir:
a) Við iðkun keppnisíþrótta. Með keppnisíþróttum er átt við þátttöku í keppni eða æfingum sem eru stundaðar til undirbúnings fyrir keppni, mót eða liðsval þar sem gerðar eru kröfur um tiltekna færni, getu eða árangur, eða þar sem þátttaka er háð skilyrðum. Reglubundin íþróttaiðkun í tómstundaskyni telst ekki til keppnisíþrótta í skilningi þessa ákvæðis, þótt hún fari fram undir leiðsögn þjálfara eða að tryggður taki þátt í opnum keppnum sem almenningi stendur til boða án framangreindra skilyrða.
b) Við iðkun akstursíþrótta.
c) Við iðkun bardaga-, glímu-, eða sjálfsvarnaríþrótta þar sem tilgangur íþróttarinnar er að slá, kýla eða sparka til andstæðingsins eða takast á við hann á annan hátt.
d) Við bjargsig, kletta-, fjalla- og ísklifur. Þó bætir tryggingin slys í grjótglímu (bouldering) innanhúss og í sportklifri innan- og utanhúss ef notaður er viðurkenndur og venjubundinn öryggisbúnaður. Með sportklifri er átt við það þegar klifrað er í boltuðum klifurleiðum.
e) Í fjallgöngu af hvaða tegund sem er í yfir 4.000 metra hæð frá sjávarmáli.
f) Við köfun með öndunarbúnaði og fríköfun á meira dýpi en 10 metrum.
g) Í flugi eða við iðkun flugíþrótta og annarra athafna þar sem tryggður ferðast um loftið, svo sem í fallhlífarstökki, BASE-stökki, svifvængjaflugi, drekaflugi, sviffflugi, fisvélaflugi eða loftbelgsflugi. Takmörkunin gildir þó ekki þegar tryggður er farþegi í áætlunar- eða leiguflugi á vegum aðila sem hefur tilskilin leyfi hlutaðeigandi flugmálayfirvalda.
h) Við teygjustökk eða aðrar sambærilegar athafnir þar sem stokkið er eða fallið úr mikilli hæð og sérstakur búnaður er notaður til að stöðva eða hægja á fallinu.
i) Í handalögmálum eða við þátttöku í refsiverðum verknaði.

Hægt er að óska eftir að **tryggja sérstaklega** áhættu samkvæmt a) til g) lið gr. 5.2.

5.3 Tryggingin bætir ekki slys eða sjúkdóma:
a) Af völdum ljósabaða, lækningameðferðar, skurðaðgerðar eða lyfjanotkunar, nema meðferðin sé að læknisráði vegna bótaskylds slyss eða sjúkdóms og gerð á viðurkenndri heilbrigðisstofnun.
b) Af völdum neyslu áfengis, ávana- og fíkniefna eða annarra örvandi eða deyfandi efna nema sannað sé að ekkert samband hafi verið milli ástands þessa og slyssins/sjúkdómsins.
c) Af völdum eitraðra lofttegunda, nema eitrunin hafi orðið skyndilega og án vilja tryggðs.
d) Beint eða óbeint af völdum hryðjuverka vegna hvers konar líffræðilegra eða efnafræðilegra áhrifa og/eða eitrunar, þ.m.t. vegna sýkla og veira eða þegar afleiðingar slyss verða meiri vegna framangreindra atriða.

5.4 Tryggingin bætir ekki tjón eða aukningu á tjóni sem beint eða óbeint hlýst af eða er af völdum jarðskjálfta, eldgoss, skriðufalls, snjóflóðs eða annarra náttúruhamfara.

6. Tryggingarfjárhæð

6.1 Hámarks tryggingarfjárhæð kemur fram í skírteini.

6.2 Þegar um árstryggingu er að ræða breytist tryggingarfjárhæð í samræmi við vísitölu neysluverðs við endurnýjun.

7. Ákvörðun bóta

7.1 Bætur vegna sjúkrakostnaðar eru greiddar samkvæmt reikningi.

7.2 VÍS greiðir kostnað vegna nauðsynlegra læknisvottorða í tengslum við tjónsatburð þegar þeirra er aflað að beiðni VÍS.

Það sem fram kemur á hægri spássíu er eingöngu til leiðbeiningar fyrir viðskiptavini en er ekki hluti af texta skilmálans og ekki ætlað til túlkunar einstakra greina hans.